

Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á lagaákvæðum um fjármálafyrirtæki o.fl.

Frá viðskiptanefnd.

1. Við b-lið 1. gr.
 - a. Inngangsmálsliður efnismálgreinarinnar orðist svo: Aðilar þessir falla ekki undir gildissvið laganna.
 - b. 7. tölul. falli brott.
 - c. Í stað orðanna „versla fyrir eigin reikning“ og í stað orðsins „veita“ í 10. tölul. komi: eiga í viðskiptum fyrir eigin reikning; og: stunda.
2. Við 2. gr.
 - a. Í stað orðanna „eða f-lið 6. tölul.“ komi: eða d-lið 6. tölul.
 - b. Efnismálgrein b-liðar orðist svo:

Fjármálafyrirtæki sem ekki er heimilt að eiga viðskipti fyrir eigin reikning, er þrátt fyrir það heimilt að fjárfesta í fjármálagerningum utan veltubókar, í því skyni að ávaxta eigið fé sitt. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt þessu ákvæði.
3. Við 3. gr.
 - a. Við a-lið bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Fjármálafyrirtæki, sem hyggst auka við starfsemi sína þannig að hún taki til annarrar starfsemi skv. IV. kafla sem fellur ekki undir starfsleyfi þess, skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins til að stunda þá starfsemi.
 - b. B-liður falli brott.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:

2. másl. 8. gr. laganna orðast svo: Tilkynna skal Fjármálaeftirlitinu, fyrir fram ef við á, um allar breytingar á áður veittum upplýsingum, þar á meðal upplýsingum um stjórn eða framkvæmdastjóra, um fjölgun eða fækkun útibúa og ef fjármálafyrirtæki uppfyllir ekki lengur skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis.
5. Við 6. gr. 3. efnismgr. falli brott.
6. Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Eftirfarandi breytingar verða á 34. gr. laganna:

 - a. Við bætast þrjár nýjar málgreinar, svohljóðandi:

Fjármálaeftirlitinu er heimilt að krefja útibú erlendra fjármálafyrirtækja með heimild til verðbréfavíðskipta um allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta hvort útibúið fylgi viðeigandi reglum um fjárfestavernd og gegnsæi viðskipta.

Ef Fjármálaeftirlitið hefur rökstudda ástæðu til að ætla að erlent fjármálafyrirtæki með starfsemi hérlandis, hvort sem er með eða án útibús, brjóti gegn ákvæðum laga þessara eða annarra laga skal Fjármálaeftirlitið gera lögbæru yfirvaldi í heimaríkinu aðvart, enda sé um að ræða brot gegn ákvæðum sem Fjármálaeftirlitinu er ekki falið

eftirlit með sem gistiríki. Reynist ráðstafanir lögbærs yfirvalds í heimaríkinu ófullnægjandi til að stöðva ólögmæta háttsemi fyrirtækisins getur Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa upplýst lögbært yfirvald heimaríkisins, gert nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda fjárfesta og heilbrigða starfsemi fjármálamarkaða hérlendis. Í þessu felst m.a. heimild til að koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafar.

Ef Fjármálaeftirlitið staðreynir að útibú erlends fjármálafyrirtækis sem hefur starfsemi hérlendis hefur gerst brotlegt gegn ákvæðum þessara laga eða annarra laga sem Fjármálaeftirlitinu er falið eftirlit með sem gistiríki skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að umræddri háttsemi sé hætt þegar í stað. Verði útibúið ekki við þeim kröfum skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir hina ólögmætu háttsemi. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna lögbæru yfirvaldi heimaríkisins um þær ráðstafanir. Haldi útibúið engu síður áfram hinni ólögmætu háttsemi skal Fjármálaeftirlitið, eftir að hafa tilkynnt lögbæru yfirvaldi heimaríkis, grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að koma í veg fyrir umrædda háttsemi eða beita viðeigandi viðurlögum og, eftir því sem kann að reynast nauðsynlegt, koma í veg fyrir að hið brotlega fyrirtæki stundi frekari viðskipti hérlendis. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir án tafar.

- b. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Úrræði vegna starfsemi erlendra fjármálafyrirtækja.*
7. Við 9. gr. 1. efnismgr. b-liðar falli brott. :
 8. Við 10. gr. Greinin orðist svo:
Í stað orðanna „skv. b- og d-lið 1. tölul. 25. gr., verðbréfamiðlanir sem ekki hafa heimildir til viðskipta fyrir eigin reikning“ í 2. mgr. 84. gr. laganna kemur: skv. c- og f-lið 1. tölul. 1. mgr. 25. gr., verðbréfamiðlanir.
 9. 12. gr. falli brott. :
 10. Við 13. gr. Á eftir orðunum „93/22/EBE um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfavíðskipta“ komi: í 117. gr. laganna. :